

Nettómótið 2015

Barna- og unglingaráð körfuknattleiksdeilda Keflavíkur og Njarðvíkur í samvinnu við Nettó og Reykjanesbæ standa fyrir sínu árlega körfuboltamóti í Reykjanesbæ helgina **7. og 8. mars 2015**. Þetta er jafnframt **25.** mót félaganna.

Mótið er fyrir drengi og stúlkur í minnibolta fædd árið **2004** og síðar.

Leikið verður á 12 völlum, 2 x 12 mínútur hver leikur.

Innifalið í mótsgjaldi:

- 5 leikir á lið
- Bíóferð
- Fyrir krakka 8 til 11 ára verður sýnd **Svampur Sveinsson: Svampur á þurru landi** sem er ný teiknimynd um Svamp og félag og þeirra ævintýri. Fyrir krakka 6 og 7 ára verður sýnd ævintýra teiknimyndin **Big Hero 6** er byggð á samnefndri teiknimyndablaðaseríu frá Marvel, fjallar um ungan dreng, Hiro Hamada, og vin hans Baymax.
- Frítt verður í Vatnaveröld - Sundmiðstöð
- Hádegisverður og kvöldverður á laugardag
- Kvöldvaka og glaðningar
- Kvöldhressing á laugardagskvöld
- Gisting
- Morgunverður á sunnudag
- Hádegisverður á sunnudag – Pizzuveisla frá **Langbest**
- Verðlaunapeningur
- Vegleg gjöf í mótslok
- Reykjaneshöllin verður opin alla helgina en þar er boðið uppá a.m.k. þrjá hoppukastala, þ.a.einn lengsta hoppukastala landsins.
- Ungmennagarðurinn við 88 húsið og Fjörheima verður opin alla helgina en þar má m.a. finna uppblásinn ærslabalg, aparólu, minigolfbrautir, hjólabrettapalla, netboltasvæði, hjólastólarólu o.fl.

Mótsgjald:

- Gjald per. þátttakanda er kr. 7.000.-
- Félagsgjald; kr. 10.000 (1-5 lið), kr. 15.000 (5-10 lið) og kr. 20.000 (10 lið eða fleiri),
- Innifalið í félagsgjaldi er fullur mótsaðgangur fyrir þjálfara félags og 1 aðstoðarmann á hvert lið.

28 síðna bæklingur mótsins verður sendur félögum fyrir mótið. Í honum eru allar upplýsingar um mótið. Einnig er hægt að nálgast bæklinginn á heimasíðu mótsins; www.nettomot.blog.is undir liðnum Tenglar, sem er vinstra megin á þeirri síðu.

Skráning:

Falur J. Harðarson

Netfang: nettomot@gmail.com

Sími: 896-4468

Athugið að skráningafrestur rennur út 27. febrúar, kl. 22:00

